

Frumvarp til laga

um

afhending á landi til stækkunar kirkjugarðsins í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

1. gr.

Skylt er hverjum manni, er land á að kirkjugarðinum í Reykjavík, að láta af hendi nauðsynlegt land til stækkunar honum gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, hvenær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhøllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavíkirkirkjugarði, 2 kr. fyrir börn yngri en 1 árs en 4 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á safnaðarfundum í Reykjavík 23. júní f. á. var skorað á landsstjórnina að sjá söfnuðinum sem allra fyrst fyrir nýjum grafreit eða stækkun núverandi kirkjugarðs.

Málaleitun þessi barst svo seint til stjórnarinnar, að ekki var hægt að koma fram með lagafrumvarp til að ráða bót á þessu á alþingi 1914, en þingmenn kjörðæmisins tóku þá að sjer flutning á frumvarpi um eignarnámsheimild til stækkunar á kirkjugarðinum. Frumvarp þetta varð ekki útrætt á þinginu. Á fjárlög-unum 1904—1905 voru veittar 6800 kr. til að stækka kirkjugarðinn; en nú er svo komið, að sá hluti, sem þá var bætt við, má heita alveg útgrafinn, og ber því bráða nauðsyn til að aukið verði við kirkjugarðinn. Þetta er að eins hægt á einn veg, að vestanverðu. Land það er þar nær að kirkjugarðinum er hið svo kallaða Nýjatún, og svo dálítill skák af öðru landi. Að Nýjatúni eru margir eigendur; hefir ekki hingað til getað orðið samkomulag milli þeirra um það, hverju verði þeir vilji láta land af hendi undir garðinn, og þarf því meðal annars af þeim ástæðum eignarnámsheimild þá, sem fram á er farið í frumvarpi þessu.

Legkaup var afnumið sem alment gjald með lögum nr. 40, 30. júlí 1909, en þarsem landssjóður verður að leggja fram mikið fje til lands undir kirkjugarð, virðist ekki ósanngjarnt, að legkaup sje innleitt hjer í bænum á ný, 2 kr. fyrir börn yngri en eins árs og 4 kr. fyrir aðra.
